



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

fimmtudagur, 30. október 2014
Ákvörðun nr. 28/2014

**Beiðni Rekstrarfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf.
um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammisamnings um leigu á
fasteignum fyrir dagvöruverslanir**

I

Málavextir og málsmeðferð

Þann 31. júlí 2014 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Rekstrarfélaginu Tíu ellefu ehf. (hér eftir Tíu ellefu) og Skeljungi hf. (hér eftir Skeljungur) þar sem óskað var eftir undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna rammisamnings milli félaganna um leigu tiltekinna fasteigna. Samningurinn felur í sér að ákveðnar fasteignir í eigu Skeljungs, við dælustöðvar félagsins, verði leigðar af Tíu ellefu, sem myndi starfrækja þar dagvöruverslanir undir merkjum þess félags. Nánar tilgreint lýtur samningurinn að leigu á tíu fasteignum. Munu þær koma til viðbótar tveimur fasteignum Skeljungs sem þegar eru í útleigu til Tíu ellefu samkvæmt sambærilegu fyrirkomulagi og rammisamningurinn í máli þessu lýtur að.

Umræddar fasteignir Skeljungs eru, skv. erindi aðila, við dælustöðvar félagsins á eftirfarandi stöðum:

- Birkimel í Reykjavík,
- Bústaðaveg í Reykjavík,
- Hagasmára í Kópavogi,
- Kleppsveg í Reykjavík,
- Laugaveg í Reykjavík,
- Litlatún í Garðabæ,
- Reykjavíkurveg í Hafnarfirði,
- Skagabraut á Akranesi,
- Suðurfell í Reykjavík, og
- Vesturlandsveg í Reykjavík.

Þegar eru fasteignir við dælustöðvar við Dalveg í Kópavogi og við Miklubraut í Reykjavík í útleigu til Tíu ellefu sem starfrækir þar dagvöruverslanir á borð við þær sem félagið hyggst reka á ofangreindum stöðum.



[...] ¹. Tíu ellefu mun taka yfir ráðningarsamband við starfsmenn í verslunum en Skeljungur heldur ráðningarsambandi sínu við svokallaða „útimenn“, þ.e. þá starfsmenn sem sinna dælingu á bifreiðar og öðrum verkum sem unnin eru á dælustöðvunum sjálfum.

Tíu ellefu mun ákvarða framsetningu og vöruúrval í verslunum sínum, með þeim takmörkunum að félagið skuldbindur sig til þess að hafa til sölu bílavörur af almennum toga, t.a.m. rúðupurrkur, smurólíu, o.þ.h. Tíu ellefu mun taka við greiðslum f.h. Skeljungs fyrir sölu á eldsneyti en ekki sjá um aðrar hliðar sölunnar. Skeljungur mun, líkt og nú er, hafa umsjón með öllu öðru sem varðar viðskipti með eldsneyti.

Þann 27. ágúst 2014 komu aðilar á fund með Samkeppniseftirlitinu þar sem erindi þeirra frá 31. júlí 2014 var nánar útskýrt auk þess sem eftirlitið upplýsti málsaðila nánar um skilyrði þess að veittar séu undanþágur frá bannákvæðum samkeppnislaga.

Þann 5. september 2014 barst svo viðbót við erindi aðilanna frá 31. júlí 2014, þar sem taldar eru upp ákveðnar breytingar á rammSAMNINGI auk upplýsinga um útfærslur á þeim atriðum sem samstarf aðilanna myndi fela í sér.

II

Markaðir málsins

Samkvæmt samkeppnislögum er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngubjónustu. Almennt eru markaðir skilgreindir út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum; Annars vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, landfræðilega markaðinn.

Vegna aðstæðna í máli þessu er ekki nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega markaði sem um ræðir, en í fyrri skilgreiningum Samkeppniseftirlitsins, t.a.m. í skýrslu eftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, hefur verið byggt á því að Tíu ellefu starfi á dagvörumarkaði, þótt vöruúrval sé þrengra en t.d. lágvöruverðsverslana. Nánari umfjöllun um þann markað má finna í áður nefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012.

Tíu ellefu rekur nú 32 verslanir með dagvöru. Verslanirnar starfa undir merkjum 10-11 og Iceland. Verslanir Tíu ellefu hafa, líkt og nefnt er í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, talist „klukkubúðir“. Klukkubúðir hafa almennt talist hafa hvað lengstan opnunartíma dagvöruverslana. Verðlag og vöruframboð slíkra verslana hefur verið annað en í öðrum tegundum verslana sem þær eru í samkeppni við. Þá hefur verslunarrými klukkubúða almennt verið minna en keppinauta sem ekki teljast til klukkubúða. Að mati aðila hefur þó munur á verslunum sem selja matvöru og skyldar vörur verið að minnka m.t.t. þessara atriða. Verslanir hafa nú almennt lengri opnunartíma, ekki aðeins klukkubúðirnar, o.fl. Stærð Tíu ellefu, í samanburði við keppinauta á dagvörumarkaði, er að mati fyrirtækisins ekki mikil, en með samstarfi Tíu ellefu og Skeljungs standi vonir til þess að Tíu ellefu vaxi og veiti keppinautum sínum meiri samkeppni en verið hefur.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



Skeljungur rekur aðallega eldsneytissölustöðvar en hefur einnig með höndum sölu bílavara, þ.e. vara á borð við rúðupurrkur, bílljósaperur o.fl. Á eldsneytissölustöðvum Skeljungs hefur verið mögulegt að nálgast ýmsa matvöru sem elduð er á staðnum, tilbúna rétti, sem og ýmsar tegundir almennrar matvöru til heimilisnota. Svipar vöruframboð innan eldsneytissölustöðva Skeljungs til vöruframboðs söluturna víðs vegar um landið, þó að viðbættum bílavörum og almennri matvöru líkt og nefnt var hér áður. Skeljungur telur hlutdeild sína í slíkri verslun ekki háa.

Dagvörusala olíufélaga og sala söluturna á dagvörum hefur hingað til verið undanskilin við skilgreiningu á dagvörumarkaði í fyrri úrlausnum samkeppnisyfirvalda. Þannig hefur Tíu ellefu ekki verið talið starfa á sama markaði og t.d. verslanir Skeljungs, þrátt fyrir að síðarnefndu verslanirnar selji einnig eitthvert úrval dagvöru. Hins vegar eru þessi skil ekki skörp og vísað hefur verið til þess í eldri málum að þetta kunni að verða endurskoðað í seinni málum og þá hugsanlega með vísan til þess að Tíu ellefu og sá hluti olíufélaga sem sinnir dagvörusölu yrðu skilgreindir sem aðilar á sama markaði.

[...]².

Málsaðilar hafa skilgreint þá markaði sem Skeljungur starfar á, þ.e. þann hluta Skeljungs sem ekki annast eldsneytissölu, sem „nýlenduörumarkað“ og „bílavörumarkað“. Samkeppniseftirlitið lítur svo á að hér sé átt við sölu á dagvöru sem og tilbúnum réttum, skyndibita og samlokum og/eða annars konar veitingasölu sem fram fer við eldsneytisdælustöðvar. Eftir að samningur málsaðila kemur til framkvæmda mun Skeljungur að óverulegu leyti starfa við sölu á dagvöru, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu. Gangi áætlanir Tíu ellefu um aukið vöruframboð eftir eru litlar líkur á því að fyrirtækin tvö veiti hvort öðru raunverulega samkeppni við sölu á dagvöru þegar fram líða stundir.

Að öðru leyti en að framan greinir telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að fjalla frekar um markaði þessa máls. Má t.d. í þessu samhengi benda á að þrátt fyrir að bæði fyrirtækin muni selja í einhverjum mæli veitingar o.þ.h. þá munu þau að mestu annast slíka sölu á ólíkum landfræðilegum mörkuðum, Tíu ellefu á höfuðborgarsvæðinu en Skeljungur á landsbyggðinni.

III

Um 10. og 15. gr. samkeppnislaga

3.1. Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga

Í 10. gr. samkeppnislaga segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni sé raskað séu bannaðar. Bannið tekur m.a. til samninga, samþykpta og samstilltra aðgerða sem áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, sbr. a-lið 2. mgr. umrædds ákvæðis. Fyrirmynd 10. gr. laganna er sótt til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og er framkvæmd Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins, auk dómstóla EB og framkvæmdastjórnar EB, leiðbeinandi við túlkun ákvæðisins.

² Fellt út vegna trúnaðar.



Ákvæði 10. gr. laganna eru ein þau þýðingarmestu í samkeppnislögum. Þeim er ætlað að tryggja að keppinautar hegði sér að öllu leyti sjálfstætt á markaði á þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir samkeppnina. Kjarninn í samkeppni er að fyrirtæki taki sjálfstæðar ákvarðanir um markaðshegðun sína og keppi þannig sín á milli. Þetta stuðlar m.a. að lægra verði til neytenda, auknum gæðum og framförum almennt. Ávinningi samkeppninnar er hins vegar stefnt í hættu ef fyrirtæki hafa samvinnu um framangreind atriði.

Í 1. mgr. 10. gr. samkeppnislaga segir að samningar og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja séu bannaðar þegar þær hafa að markmiði að hafa áhrif á t.d. verð. Þetta orðalag felur það í sér að ákvæðið telst brotið við það eitt að fyrirtæki hafa með sér einhvers konar samvinnu um verð, án tillits til þess hvort samvinnan hafi haft áhrif á markaðnum. Er byggt á samskonar túlkun í EES/EB rétti.³ Þannig brýtur það í bága við ákvæðið ef keppinautar t.d. ákveða á fundi að samræma verð sitt. Hvort þessi aðgerð hafi haft þau áhrif í raun að verð hafi verið samræmt skiptir ekki máli í þessu samhengi, enda geta t.d. ýmsir utanaðkomandi þættir haft áhrif á hvort samræming takist. Lögskýringargögn með samkeppnislögum styðja þessa túlkun. Þar kemur fram að 10. gr. geri „*ekki þá kröfu að hið ólögsmæta samstarf hafi í raun haft áhrif á samkeppnina.*“⁴ Sama túlkun á 10. gr. kemur skýrt fram í dómi Hæstaréttar frá 30. október 2003 í máli nr. 37/2003. Í því máli var Hæstiréttur að fjalla um þágildandi 10. gr. laganna. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að beita ber núgildandi 10. gr. laganna með sama hætti, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögsmætt samráð innan Lögmannafélags Íslands*.

3.2. Ákvæði 15. gr. samkeppnislaga

Skilyrði þess að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. gr. samkeppnislaga eru talin upp í 15. gr. laganna. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

- „samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:*
- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflni tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
 - b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
 - c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
 - d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.“*

Öll skilyrði ákvæðisins verða að vera uppfyllt til þess að til greina komi að veita undanþágu samkvæmt því. Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að hægt er að setja skilyrði

³ Dómstólar EB hafa ítrekað bent á það í dómum sínum við beitingu á banni Rómarsáttmála við m.a. verðsamráði (81. gr.) að ekki sé nauðsynlegt að líta til raunverulegra áhrifa samnings þegar ljóst sé að hann hafi það að markmiði að koma í veg fyrir eða raska samkeppni, sbr. t.d. dómur dómstóls EB í máli nr. 56 og 58/64 *Consten and Grundig v Commission* [1966] ECR 299. Undirréttur EB hefur nýlega orðað þetta svo: „*According to consistent case-law ... there is no need to take account of the concrete effects of an agreement when it has as its object the prevention, restriction or distortion of competition ... There is therefore no need to examine the arguments of the parties concerning the concrete effects of the measure in question.*“ Dómur frá 21. október 2003 í máli nr. T-368/00.

⁴ Sjá frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993. Lagt fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.



fyrir veittum undanþágum.

IV Niðurstaða

Eins og áður segir er í 10. gr. samkeppnislaga lagt bann við öllum samningum milli fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað. Af 15. gr. samkeppnislaga leiðir að samstarf getur þó, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, leitt af sér jákvæð efnahagsleg áhrif. Til að meta það samstarf sem til skoðunar er í máli þessu verður einkum að skoða eðli samstarfsins.

Það samstarf aðilanna sem sótt er um undanþágu fyrir mun, sem fyrr segir, leiða til þess að Tíu ellefu tekur yfir rekstur í þeim fasteignum Skeljungs við eldsneytissölustöðvar félagsins á tólf stöðum í heildina, tíu til viðbótar þeim tveimur stöðvum sem þegar hafa um skeið verið reknar undir merkjum verslana Tíu ellefu. Á þeim sölustöðum mun Tíu ellefu selja þær vörur sem þegar eru í boði í almennum verslunum félagsins auk þess sem Tíu ellefu mun taka við sölu á tilbúnum réttum í þeim verslunum sem tilheyra eldsneytisdælustöðvum Skeljungs. Tíu ellefu mun einnig annast sölu á bílavörum, t.a.m. rúðupurrkum, perum fyrir bílljós, smurólíu, o.fl.

Skeljungur mun áfram sjá um eldsneyti og sölu á því, m.a. með því að reka dælustöðvarnar og hafa á sínum vegum starfsmenn sem t.a.m. dæla eldsneyti á þeim stöðvum sem slík þjónusta er veitt. Að öðru leyti verður rekstur í fasteignunum á vegum Tíu ellefu.

Með samstarfi málsaðila er ekki um það að ræða að í öllum fasteignum Skeljungs við dælustöðvar félagsins verði rekstur á vegum Tíu ellefu, heldur er aðallega um að ræða fasteignir á höfuðborgarsvæðinu. Eftir sem áður munu Skeljungur, eða þriðju aðilar, reka starfsemi í fasteignum við dælustöðvar Skeljungs víðs vegar um landið og örfáar dælustöðvar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar kemur að mati á samkeppnislegum áhrifum samstarfsins á dagvörumarkaði telur Samkeppniseftirlitið að upplýsingar um veltu og vöruúrval verslana Tíu ellefu annars vegar og verslana Skeljungs hins vegar veiti vísbendingar um að félögin starfi mögulega hvort á sínum markaðnum. Þetta verður þó ekki að fullu metið í máli þessu.

Vert er að hafa í huga að um árábil hefur fákeppni ríkt í smásölu á dagvörumarkaði en þrjár verslanasamsteypur, Hagar, Kaupás og Samkaup voru árið 2012 með 82% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu. Þar af voru Hagar með 53-54% hlutdeild, Kaupás með 24-25% hlutdeild og Samkaup um 5% hlut. Í fyrri málum sem varða dagvörumarkaðinn hafa samkeppnisyfirvöld og dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að Hagar væru í markaðsráðandi stöðu, en í því felst að fyrirtæki hafi þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á markaðnum og geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Þegar lagt er mat á hvort fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu er auk markaðshlutdeildar einkum litið til



atriða eins og efnahagslegs styrkleika, stöðu keppinauta og hverjir séu möguleikar nýrra keppinauta á að hasla sér völl á markaðnum auk kaupendastyrks viðskiptavina.⁵

Þær breytingar hafa þó orðið á Högum að fyrirtækið seldi frá sér verslanir Tíu ellefu. Við það fjölgaði keppinautum á markaðnum en Tíu ellefu er nú fjórða stærsta verslanasamstæðan og rekur nú, auk Iceland verslana, 32 verslanir. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2013 þar sem fjallað var um samruna Station ehf. og Íslands-Verslunar ehf. (fyrrum rekstraraðila Iceland) var vísað til þess að Hagar væru með um 53% hlutdeild í sölu á dagvöru á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2012. Hlutdeild fyrirtækisins á landsvísu væri hins vegar 48-49%. Með hliðsjón af þessum upplýsingum um markaðshlutdeild Haga og tilvitnuðum dómafordæmum og úrlausnum samkeppnisyfirvalda taldi Samkeppniseftirlitið að ekki væru vísbendingar um að staða Haga á markaðnum hefði breyst að því leyti að fyrirtækið væri ennþá markaðsráðandi þrátt fyrir sölu þess á verslunum Tíu ellefu.

Með hliðsjón af framangreindum aðstæðum á dagvörumarkaðnum og þá sérstaklega mikilli samþjöppun á höfuðborgarsvæðinu telur Samkeppniseftirlitið að umrætt samstarf Tíu ellefu og Skeljungs geti verið til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á samkeppni. Í ljósi fyrri reynslu má leiða að því líkum að dagvöruúrval í þeim tíu verslunum sem samningurinn tekur til (og verða reknar undir merkjum Tíu Ellefu) muni aukast og að sama skapi dagvöruvelta. [...] ⁶. Hafa forsvarsmenn Tíu ellefu lýst því yfir að markmið með því að breyta verslunum Skeljungs í Tíu ellefu verslanir sé einmitt að auka vöruúrval til samræmis við úrval í öðrum verslunum Tíu ellefu. Gangi þetta eftir gæti dagvöruverslunum Tíu ellefu verslunum fjölgað nokkuð á höfuðborgarsvæðinu og að sama skapi staða verslanakeðjunnar styrkst. Eru því, að mati Samkeppniseftirlitsins, sterkar líkur á að samstarf málsaðila muni hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif á dagvörumarkað, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi þess að Skeljungur heldur áfram sölu á veitingum, sem og bílavörum, þ.e. rúðupurrkum, perum í bílljós, o.fl., við dælustöðvar sínar á landsbyggðinni, þó að óverulegu leyti sé, verður að telja að málsaðilar séu að vissu marki starfandi á skyldum mörkuðum og þar af leiðandi í samkeppni hvor við annan. Að mati Samkeppniseftirlitsins getur verið um að ræða skörun í starfsemi Skeljungs og Tíu ellefu í sölu á bílavörum, dagvöru og skyndibita/tilbúnum réttum. Að auki ber að nefna að Skeljungur annast heildsölu á smurólíu, sem Tíu ellefu mun bjóða til sölu í verslunum sínum við eldsneytis-dælustöðvar Skeljungs.

⁵ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008 Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2009 og dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010 Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Hagar væru í markaðsráðandi stöðu. Að sömu niðurstöðu hefur verið komist í eldri málum, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 38/2002, Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf. Í nýrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2010 og 20/2011, þar sem fjallað hefur verið um yfirráð Arion banka og Búvalla yfir Högum hefur jafnframt verið komist að þeirri niðurstöðu að Hagar væru enn í markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði. Í þessum málum, t.a.m. því máli sem leiddi til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 188/2010, var við mat á markaðsráðandi stöðu miðað við markaðshlutdeild Haga árin 2005 og 2006 en þá voru Hagar með um 50% hlutdeild. Í málinu voru einnig tekin til skoðunar önnur atriði eins og aðgangshindranir, fjárhagslegur styrkleiki Haga, stærðarhagkvæmni og rekstur birgðahúss Aðfanga sem og önnur starfsemi á tengdum mörkuðum. Voru yfirburðir Haga vegna þessara atriða, ásamt hárrí markaðshlutdeild á skilgreindum landfræðilegum mörkuðum þar sem Bónusverslanir störfuðu, talin leiða til þess að Hagar væru markaðsráðandi.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.



Vegna áðurgreinds telur Samkeppniseftirlitið, sem og aðilar málsins, að undanþága sé nauðsynleg fyrir samstarfi þeirra.

Aðilar telja að í máli þessu séu skilyrði 15. gr. samkeppnislaga uppfyllt á þann veg að samkeppni verði aukin á dagvörumarkaði með fjölgun verslana Tíu ellefu. Samstarf aðilanna muni einnig leiða til þess að Skeljungur muni einbeita sér að eldsneytismarkaðnum og sé samstarfið því til þess fallið að auka hagræði og stuðla að bættri framleiðslu og dreifingu. Fjölbreytni í vöruúrvali til viðskiptavina verði einnig aukin og samstarfið leiði til hagfellds samblands verðstefnu, þjónustu, vöruúrvals og staðsetningar sem sé neytendum til góða. Rekstrarform Skeljungs verði með samstarfinu ólíkt helstu keppinautum félagsins og dragi það úr einsleitni markaðarins auk þess sem aðilar telja að samstarfið geti orðið til þess að hlutur minni verslana með dagvöru aukist á kostnað stærri aðila á þeim markaði. Með því verði auðveldara fyrir minni verslanir að stunda verðsamkeppni á dagvörumarkaði, m.a. með hagstæðari samningum við birgja o.fl. Slíkt skili sér í verðlagi til neytenda og sé til bóta.

Aðilar telja í engu höft lögð á félögin sem óþörf séu eða að samstarfið veiti aðilum nokkurt færi á að útiloka þriðju aðila, eða hvorn annan, frá samkeppni. Ekki sé gengið lengra en þörf sé á í samstarfi aðila, enda aðeins um viðskipti á eðlilegum, viðskiptalegum forsendum að ræða.

Þá segja aðilar samstarfið ekki hafa þann tilgang að raska samkeppni, enda sé samstarfið til komið af hagkvæmni- og hagræðingarástæðum og sé til þess fallið að veita félögum í markaðsráðandi, og jafnvel yfirburðastöðu aukna samkeppni.

Samkeppniseftirlitið tekur undir framangreind sjónarmið málsaðila og telur að skilyrði a-d liða 15. gr. séu uppfyllt með þeim atriðum sem aðilar hafa nefnt og að undanþágan skuli veitt. Til að koma í veg fyrir að samkeppni skaðist hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að setja undanþágu þessari ákveðin skilyrði sem fram koma nánar í ákvörðunarorðum ákvörðunar þessarar.

[...] ⁷.

Þar sem Skeljungur er heildsöluaðili á markaði fyrir smurolíu og Tíu ellefu verður skuldbundið samkvæmt samningi milli aðila að bjóða til sölu slíka vöru í verslunum sínum þarf að tryggja sjálfstæði Tíu ellefu þegar kemur að vali á vörum sem félagið kýs að selja í verslunum sínum. Að auki er nauðsynlegt að tryggja það að ákvörðun um verð slíkra vara sé í höndum söluaðilans sjálfs, þ.e. Tíu ellefu.

Vegna þess að Tíu ellefu tekur við greiðslum f.h. Skeljungs vegna eldsneytiskaupa viðskiptavina á þeim dælustöðvum félagsins þar sem Tíu ellefu hyggst hefja rekstur dagvöruverslana skapast sú hætta að Skeljungur geti, m.t.t. aðgangs síns að rekstrarkerfi Tíu ellefu vegna eldsneytiskaupa, haft aðgang að öðrum upplýsingum en nauðsynlegar eru vegna þessa. Er þar af leiðandi sett skilyrði að aðgangur annars aðila að rekstrarkerfum hins skuli takmarkað að því marki sem mögulegt er.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



Skilyrðin eru sett með það að markmiði að hindra það að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar berist á milli undanþáguaðila og auki þannig hættu á að samkeppni raskist. Skilyrði þau sem undanþágunni eru sett eru talin nægja til þess að koma í veg fyrir að slíkt verði.

V

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Rekstrarfélaginu Tíu ellefu ehf. og Skeljungu hf. heimild til samstarfs í tengslum við rammasamning milli aðilanna um leigu fasteigna. Heimildin er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Tíu ellefu skal vera heimilt að semja við birgi að eigin vali um innkaup verslana félagsins á bílavörum, þar með talinni smurólíu, sem verða hluti vöruframboðs í verslunum félagsins. Ákvarðanir um smásöluverð slíkra vara í verslunum félagsins skulu vera Skeljungu óviðkomandi.**
- 2. Aðgengi annars aðilanna að upplýsingum úr rekstrarkerfum hins skal takmarkað líkt og kostur er. Að því marki sem aðilar fá upplýsingar um rekstur hvors annars skulu þeir gæta fyllsta trúnaðar og skuldbinda þeir sig til þess að nýta slíkar upplýsingar að engu leyti til röskunar á samkeppni.**
- 3. [...]⁸. Til þess að sannreyna veittar upplýsingar skal Skeljungu heimilt að óska eftir því að ytri endurskoðandi staðreyni upplýsingarnar með skriflegri umsögn. Skal Tíu ellefu veitt afrit af skriflegu álitu komi til slíks.**

Aðilar skulu kynna skilyrði ákvörðunar þessarar fyrir stjórnendum og lykilstarfsmönnum. Skulu þeir undirrita yfirlýsingar þess efnis að skilyrðin hafi verið kynnt þeim og að þeir skuldbindi sig til að framfylgja þeim.

Brot á þeim skilyrðum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.